

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 573/2005, um inntökuskilyrði í Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.

Á eftir 2. ml. kemur nýr málslíður, svohljóðandi:

Lokapróf frá frumgreinadeild Keilis nægir til inngöngu í viðskipta- og hagfræðideild til jafns við stúdentspróf, enda hafi viðkomandi stundað nám sem er ætlað fyrir þá sem hyggja á frekara nám í viðskiptafræði og hagfræði.

Málslíðir 3-4 verða 4.-5. ml.

#### 2. gr.

Fyrsti og 2. ml. 8. gr. breytast og verða svohljóðandi:

Verkfræðideild veitir inngöngu þeim sem lokið hafa stúdentsprófi. Enn fremur þeim sem lokið hafa 4. stigs prófi á vélstjórnarbraut Fjöltækniskólans, prófi frá frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík eða frumgreinadeild Keilis, enda hafi viðkomandi lokið námi sem er ætlað fyrir þá sem hyggja á frekara nám í verk- eða raunvísindum.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr.

Á eftir 1. ml. koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi:

Lokapróf frá frumgreinadeild Keilis, nægir til inngöngu í félagsvísindadeild enda hafi viðkomandi stundað nám sem er ætlað fyrir þá sem hyggja á frekara nám í hug- eða félagsvísindum í samræmi við samning Keilis og HÍ. Jafnframt leggur deildin til að gengi þessara nemenda verði metið innan 3ja ára.

Málslíðir 2-3 verða 4.-5. ml.

#### 4. gr.

Þriðja mgr. 11. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Próf frá frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík (áður raungreinadeildarpróf frá Tækniháskóla Íslands), nægir til inngöngu í raunvísindadeild til jafns við stúdentspróf, enda sé fullnægt skilyrðum um lágmarkskröfur í einstökum greinum, samanber 1. og 2. mgr. hér á undan. Hið sama á við um lokapróf frá frumgreinadeild Keilis.

#### 5. gr.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi viðkomandi deilda og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 46. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 10. apríl 2008.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*